




HAFNARFJÖRÐUR

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Hafnarfirði, 19. desember 2017
1607216 GþG

Efni: Vellir, stofnræsi.

Á fundi Umhverfis- og framkvæmdaráðs Hafnarfjarðar þann 4.10.2017 var lögð fram umsögn sviðsstjóra umhverfis- og skipulagsþjónustu bæjarins um valkosti vegna stofnræsis á Völlunum. Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkti að fara í framkvæmdir við stofnræsi. Hluti framkvæmdanna liggur um Grísanes. Var lögð áhersla á að vandað yrði til við hönnun, fræmkvæmd og eftirlit þar sem um viðkvæmt svæði er að ræða. Hluti framkvæmdarinnar mun fara yfir hverfisverndað svæði sem fellur undir Hva8 og Hva9 sk. Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025.



Þar segir á bls. 79 í greinagerð Aðalskipulagsins: "Vellir 2. áfangi (Hva8). Í deiliskipulagi er hverfisvernd skilgreind á hraunhrygg, hraunkant og gjótur sem liggja eftir miðbiki svæðisins. Hverfisverndarákvæði fela í sér að einkennum hraunsins verði haldið."

Um Velli 6. áfanga (Hva9), bls. 79 í greinagerð Aðalskipulagsins, segir: "Hraunjaðar sem með öllu er óheimilt að raska sem og flatlendi sem liggur að leikskólalóð til suður og að opnu svæði í deiliskipulagi Valla 5 til vesturs. Hverfisverndarákvæði: Í hverfisvernd þessa svæðis felst að einungis er heimilt að leggja stíga um þann sléttlenda hluta þess, þar sem heimilt verður einnig að hafa útileiksvæði leikskóla. Einnig er heimilt að setja niður einstaka leiktæki á þessum hluta svæðisins, enda sé þess gætt að þau falli vel að landi og raski ekki neinum þeim náttúrumyndunum sem eru innan svæðisins. Framkvæmdir þessar eru háðar framkvæmdaleyfi."




HAFNARFJÖRÐUR

Gert er ráð fyrir að lögnin fari þvert yfir svæðið er fellur undir HVa8 og liggja í jaðrinum á svæði Hva9. Lýsing verkefnisins:

Um er að ræða fráveitulögn sem taka á við skólpi frá nýbyggingum í Valla- og Áslandshverfi, svokallað Grísanesræsi. Mun lögnin ná frá Nóntorgi á Ásvallabraut í norðvestur að brunni við Hraunvallaskóla. Ný dælustöð með þurrðælum við Klukkuvelli (Vellir 6) verður tengd lögninni. Einnig munu skólplagnir frá Fífuvöllum verða tengdar og veita skólpi úr þeim hluta Vallahverfisins inn á lögnina. Í núverandi brunni við Hraunvallaskóla er rennsliskóti 17,77. Í tengipunkt við Nóntorg í nýju Vallahverfi (Vellir 7) er rennsliskóti 20,19. Lögnin þar á milli er 1.405 metrar sem þýðir að halli lagnar verður 1,72 ‰.

Ótengt Grísanesræsi er ný dælustöð með þurrðælum við dælubrunn við Fléttuvelli.



Teikning er sýnir leið lagnarinnar um svæðið.



HAFNARFJÖRÐUR

Með bréfi þessu er óskað eftir umsögn Umhverfisstofnunar vegna þeirra framkvæmda sem fyrirhugaðar eru á svæðinu.

Fylgigögn eru:

Fléttuvellir, dælustöð.

Klukkuvellir, yfirlitsmynd.

Hádegisskarð 1, afstöðumynd af Skarðshlíðarskóla.

Vallaræsi, leið lagnar um svæðið.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðar

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt.